

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 38

3. árgangur

07.9.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/38/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.792 - Temic/Leica -ADC JV).....	01
96/EES/38/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.813 - Allianz Hermes)	02
96/EES/38/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.820 - British Aerospace/Lagardère SCA)	02
96/EES/38/04	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.176 - Thomson + Siemens + Philips Electronics)	03
96/EES/38/05	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.059)	04
96/EES/38/06	Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/35.522 - Michelin/Continental	05

96/EES/38/07	Ályktun ráðgjafarnefndar KSE um hvítbókina „Orkumálastefna í Evrópusambandinu”05
96/EES/38/08	Hraðvirk málsmeðferð í tengslum við tilkynningar um aðstoð til atvinnumála - Staðlað tilkynningareyðublað05
96/EES/38/09	Tilnefning nefndarmanna í sérfræðinganefndina um flutning á jarðgasi eftir dreifikerfi sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/539/EB05
96/EES/38/10	Bókun um beitingu 171. gr. EB-sáttmálans06
96/EES/38/11	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja frá 35. fundi hennar þann 20. desember 1995 um fyrstu drög að ákvörðun varðandi mál IV/M.623 - Kimberly-Clark/Scott Paper06
96/EES/38/12	Auglýsing til þeirra sem flytja eftirlitsskyld efni sem eyða ósonlaginu til Evrópubandalagsins með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 3093/9406
96/EES/38/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.719 - Röhm/Rohm and Haas)07
96/EES/38/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.729 - GEC Alsthom/Tarmac/Central IMU)07
96/EES/38/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.756 - Crédit Agricole/Indosuez)08
96/EES/38/16	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.759 - Sun Alliance/Royal Insurance)08
96/EES/38/17	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.764 - Saint Gobain/Poliet)09
96/EES/38/18	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.765 - Adia/Ecco)09
96/EES/38/19	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.775 - Hong Kong Aircraft Engineering Services Limited)10
96/EES/38/20	Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð (Mál nr. IV/M.735 - BPB/Isover)10
96/EES/38/21	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 17. 6. til 5. 7. 199611
96/EES/38/22	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 8. 7. til 19. 7. 199612

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.792 - Temic/Leica -ADC JV)

96/EES/38/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Temic Telefunken microelectronic GmbH, Heilbronn (Temic), sem er undir yfirráðum Daimler Benz AG, Stuttgart og Leica AG, Heerbrugg/Sviss, sem er undir yfirráðum Dr. Stephan Schmidheiny (Schmidheiny Group), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu ADC Automotive Distance Control Systems GmbH, Friedrichshafen, með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Temic: þróun, framleiðsla og sala á rafeindahlutum og kerfum, svo og búnaði til framleiðslu á rafeindahlutum og kerfum,
 - Leica AG: þróun, framleiðsla og sala á sjónskynjurum, smásjám, vísindatækjum, myndavélum, tækjum og kerfum til mælinga og ljósmyndakortagerðar.
 - ADC: þróun, framleiðsla og sala á hraðstillingarkerfum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 258, 5. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.792 - Temic/Leica -ADC JV, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(1) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.813 - Allianz Hermes)****96/EES/38/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 8. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Allianz Aktiengesellschaft Holding, München, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Hermes Kredit Versicherungs-AG, Hamburg, með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Allianz: tryggingastarfsemi,
 - Hermes: tryggingastarfsemi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 258, 5. 9. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.813 - Allianz Hermes, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.820 - British Aerospace/Lagardère SCA)****96/EES/38/03****Viðbætur**

Tilkynningin varðar eingöngu aðra starfsemi en hernaðarlega. Stjórnvöld í Breska konungsríkinu og Frakklandi hafa með hliðsjón af b-lið 1. mgr. 223. gr. EB-sáttmálans gefið British Aerospace og Lagardère þau fyrirmæli að tilkynna ekki hernaðarstarfsemi sameiginlega verkefnisins.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni **96/EES/38/04**
(Mál nr. IV/36.176 - Thomson + Siemens + Philips Electronics)

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. ágúst 1996 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um sameiginlegt verkefni fyrirtækjanna Thomson í Frakklandi, Siemens í Þýskalandi og Philips í Hollandi. Samkvæmt tilkynntum samningi skuldbinda þessi fyrirtæki sig til að þróa, framleiða og markað setja sameiginlega, um allan heim, nýjan stafrænan röntgengeislanema sem verður aðlagður röntgengeislamyndkerfum sem frammleidd eru í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, sem og til iðnaðarnota.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 259, 6. 9. 1996. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 09) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.176, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 3/103
150, Avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Tilkynning um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/36.059)****96/EES/38/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. maí 1996 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um samning þar sem:

- Générale de Banque/Generale Bank og samstæðan sem hann tilheyrir,
- Banque Bruxelles Lambert/Bank Brussel Lambert og samstæðan sem hann tilheyrir,
- Kredietbank, sem er hluti af Almanij-samstæðunni,
- Caisse Générale d'Epargne et de Retraite/Algemene Spaar- en Lijfrentekas sem SFP og Forties-samstæðan eiga sameiginlega,
- Crédit Communal/Gemeentekrediet og samstæðan sem hann tilheyrir,
- BACOB og samstæðan sem hann tilheyrir,
- CERA og samstæðan sem hann tilheyrir,

kunngera fyrirætlan sína að markaðssetja sameiginlega ISABEL-kerfið (Interbank Standards Association Belgium).

Markmiðið með samningnum er að þróa og reka fjarskiptanet í Belgíu (TCP/IP-standard) sem veitir öðrum belgískum og erlendum netkerfum aðgang, m.a. Internet.

Þetta netkerfi mun miðla tölvuupplýsingum milli fyrirtækja (tölvuskjalasendingar, tölvupóstur og beinlínuráðgjöf fyrir fyrirtæki) og milli fyrirtækja og lánastofnana (tölvuvædd bankastarfsemi í samræmi við EDIFACT-staðla eða belgíska CIRI-staðalinn um rafeindapóststaðalinn X400. Að auki munu tilkynntir aðilar bjóða fyrirtækjum sem nota þjónustu þeirra samræmda öryggismedferð (RSA) og fjölbankatölvuhugbúnaðarpakka innan ramma þessa staðlaða tæknifyrirkomulags.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 260, 7. 9. 1996. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 07) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.059, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate D
Office 3/034
158, Avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins
nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/35.522 - Michelin/Continental****96/EES/38/06**

Framkvæmdastjórninni barst 27. apríl 1995 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ um samning um sameiginlegt verkefni milli hjólbarðafyrirtækjanna Compagnie Financière Michelin og Continental Aktiengesellschaft sem fyrirtækin gerðu 13. apríl 1995.

Tilkynntir aðilar biðja framkvæmdastjórnina um úrskurð um að samningurinn falli ekki undir 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans eða að hann falli undir undanþáguákvæði 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum. En áður en af því verður gefur hún þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 236, 14. 8. 1996, með tilvísun til IV/35.522, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate IV/F-1-Restrictive practices, abuse of dominant positions
and other distortions of competition I
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

**Ályktun ráðgjafarnefndar KSE um hvítbókina
„Orkumálastefna í Evrópusambandinu“****96/EES/38/07**

Framkvæmdastjórnin birti ályktun ráðgjafarnefndar KSE um hvítbókina „Orkumálastefna í Evrópusambandinu“ í Stjttíð. EB nr. C 232, 10. 8. 1996 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Hraðvirk málsmeðferð í tengslum við tilkynningar um
aðstoð til atvinnumála - Staðlað tilkynningareyðublað****96/EES/38/08**

Þann 19. júlí 1995 samþykkti framkvæmdastjórnin leiðbeiningar um aðstoð til atvinnumála. Í V. kafla leiðbeininganna samþykkir framkvæmdastjórnin hraðvirka málsmeðferð og staðlað tilkynningareyðublað í tengslum við tilkynningar um áætlanir um aðstoð til atvinnumála samkvæmt 3. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 218, 27. 7. 1996, bls. 4.)

**Tilnefning nefndarmanna í sérfræðinganefndina um
flutning á jarðgasi eftir dreifikerfi sem komið var á fót með ákvörðun
framkvæmdastjórnarinnar 95/539/EB****96/EES/38/09**

Framkvæmdastjórnin birti lista um tilnefnda nefndarmenn í sérfræðinganefndina um flutning á jarðgasi eftir dreifikerfi sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/539/EB í Stjttíð. EB nr. C 222, 31. 7. 1996 (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjttíð. EB).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

Bókun um beitingu 171. gr. EB-sáttmálans**96/EES/38/10**

Framkvæmdastjórnin birti bókun um beitingu 171. gr. EB-sáttmálans í Stjttíð. EB nr. C 242, 21. 8. 1996.

Í 171. gr. EB-sáttmálans eins og honum var breytt með sáttmálanum um Evrópusambandið er kveðið á um að heimilt sé að sekta aðildarríki sem ekki verður við dómsúrskurði um að það hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar fyrirtækja
frá 35. fundi hennar þann 20. desember 1995 um fyrstu drög að ákvörðun
varðandi mál IV/M.623 - Kimberly-Clark/Scott Paper****96/EES/38/11**

Ráðgjafanefndin er sammála framkvæmdastjórninni um að aðgerðin varði hagsmuni bandalagsins í skilningi 1. gr. og myndi samfylkingu fyrirtækja í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89.

Ráðgjafanefndin er sammála framkvæmdastjórninni um að telja beri fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja samrýmanlega sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins með fyrirvara um að öll skilyrði og skulbindingar í tilboði Kimberly-Clark verði haldin (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 213, 23. 7. 1996).

**Auglýsing til þeirra sem flytja eftirlitsskyld efni
sem eyða ósonlaginu til Evrópubandalagsins með hliðsjón af
reglugerð ráðsins nr. 3093/94****96/EES/38/12**

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu sem beint er til fyrirtækja sem hafa í hyggju að flytja tiltekin efni til Evrópubandalagsins frá stöðum utan þess árið 1997 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 236, 14. 8. 1996).

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.719 - Röhm/Rohm and Haas)****96/EES/38/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 6. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0719. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.729 - GEC Alsthom/Tarmac/Central IMU)****96/EES/38/14**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 4. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0729. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.756 - Crédit Agricole/Indosuez)****96/EES/38/15**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 6. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfum á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CLX“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0756. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.759 - Sun Alliance/Royal Insurance)****96/EES/38/16**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 6. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfum á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0759. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(1) Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.764 - Saint Gobain/Poliet)****96/EES/38/17**

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 7. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CLX“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0764. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.765 - Adia/Ecco)****96/EES/38/18**

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 6. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0765. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu **96/EES/38/19**
(Mál nr. IV/M.775 - Hong Kong Aircraft Engineering Services Limited)

Framkvæmdastjórnin ákvað 1. 7. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0775. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð **96/EES/38/20**
(Mál nr. IV/M.735 - BPB/Isover)

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. 7. 1996 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem hún myndar ekki samfylkingu samkvæmt 3. gr. hennar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Heildartexti ákvörðunarinnar er eingöngu fánlegur á ensku og verður birtur eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0735. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, Bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
sendi ráðinu á tímabilinu 17. 6. til 5. 7. 1996**

96/EES/38/21

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(96) 272	CB-CO-96-282-EN-C ⁽¹⁾	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um niðurstöður beitingar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1093/94 um skilyrði fyrir beinni löndun og markaðssetningu á afla úr fiskiskipum frá þriðju löndum í höfnum bandalagsins	17.6.1996	18.6.1996	11
COM(96) 273	CB-CO-96-283-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni um endanlegt mat á framkvæmd bandalagsáætlunarinnar Impact 2 um að koma á innri markaði fyrir upplýsingaþjónustu (1991-1995)	17.6.1996	18.6.1996	16
COM(96) 279	CB-CO-96-286-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu, hvað varðar Gyrodactylus salaris, á tilskipun 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 93/53/EBE um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum	19.6.1996	20.6.1996	16
COM(96) 288	CB-CO-96-294-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3089/95 um úthlutun tiltekinna aflakvóta til aðildarríkjanna árið 1996 vegna skipa sem veiða í pólskri landhelgi	20.6.1996	21.6.1996	6
COM(96) 264	CB-CO-96-275-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum sem standa neytendum til boða er tilgreint	24.6.1996	24.6.1996	19
COM(96) 280	CB-CO-96-287-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar um endanlegt mat á miðstýrðri aðgerð vegna dreifingar og hagnýtingar á þekkingu sem leiðir af séráætlunum bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (Value II)	21.6.1996	24.6.1996	104
COM(96) 306	CB-CO-96-315-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um samþættar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og mengunareftirlit	24.6.1996	24.6.1996	3
COM(96) 312	CB-CO-96-320-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssetningu á ósérhæfðum drepandí efnunum	24.6.1996	24.6.1996	21
COM(96) 297	CB-CO-96-306-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um sameiginlega aðgerð til að innleiða áætlun um þjálfun, útbreiðslu og samvinnu í tengslum við persónuskilríki	26.6.1996	26.6.1996	25
COM(96) 286	CB-CO-96-292-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um beitingu tilskipunar 83/189/EBE árin 1992, 1993 og 1994	26.6.1996	27.6.1996	62
COM(96) 237	CB-CO-96-259-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins um markmið og nákvæmar reglur fyrir endurskipulagningu á sviði fiskveiðimála í bandalaginu fyrir tímabilið 1. janúar 1997 - 31. desember 2002 í því skyni að koma á jafnvægi milli fiskveiðiauðlinda og nýtingu á þeirra á sjálfbæran hátt	28.5.1996	3.7.1996	18

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin
sendi ráðinu á tímabilinu 8. 7. til 19. 7. 1996**

96/EES/38/22

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(96) 333	CB-CO-96-333-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði menningararfleifðar (Raphael-áætlunin)	5.7.1996	8.7.1996	28
COM(96) 317	CB-CO-96-324-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um ákveðnar tæknilegar ráðstafanir í tengslum við verndun fiskveiðiauðlinda (sameinuð útgáfa)	8.7.1996	9.7.1996	55
COM(96) 319	CB-CO-96-326-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun ráðsins um sameiginlegt tölvufjarskiptanet símamálastjórna fyrir hagskýrslur um vöruviðskipti milli aðildarríkja (Edicom)	8.7.1996	10.7.1996	38
COM(96) 318	CB-CO-96-325-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu og uppfærslu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71	10.7.1996	11.7.1996	240
COM(96) 320	CB-CO-96-327-EN-C	Önnur skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á orkumálalöggjöf bandalagsins Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um niðurfellingu á ákveðnum lagatextum bandalagsins varðandi orkumál Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um niðurfellingu á reglugerð (EBE) nr. 1729/76 um miðlun upplýsinga um orkubirgðir bandalagsins Tillaga að ákvörðun ráðsins um niðurfellingu á ákvörðun 77/186/EBE um útflutning á hráolíu og steinolíuafurðum frá einu aðildarríki til annars ef um er að ræða birgðaskort Tillaga að tilskipun ráðsins um niðurfellingu á tilskipun 75/339/EBE um að skylda aðildarríki til að koma upp lágmarksbirgðum af jarðefnaeldsneyti við varmaorkuver Tillaga að tilskipun ráðsins um niðurfellingu á tilskipun 75/405/EBE um takmörkun á notkun steinolíuafurða í orkuverum Tillaga að ákvörðun ráðsins um niðurfellingu á tilmælum 76/494/EBE um skynsamlega orkunotkun vélknúinna ökutækja með bættum ökuvenjum	10.7.1996	11.7.1996	26
COM(96) 255	CB-CO-96-267-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um að koma á fót samræmdu öryggiskerfi fyrir fiskiskip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri	11.7.1996	12.7.1996	73
COM(96) 341	CB-CO-96-339-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3528/86 um verndun skóga í bandalagslöndunum gegn loftmengun	16.7.1996	16.7.1996	47
COM(96) 343	CB-CO-96-342-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um gerð samnings um fiskveiðitengsl milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Lettlands	16.7.1996	16.7.1996	13

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(96) 381	CB-CO-96-371-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum	17.7.1996	17.7.1996	3
COM(96) 336	CB-CO-96-336-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar - reglur um að koma í framkvæmd jöfnum launum fyrir jafngild störf fyrir konur og karla	17.7.1996	18.7.1996	19
COM(96) 347	CB-CO-96-346-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna	18.7.1996	18.7.1996	110
COM(96) 349	CB-CO-96-357-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sérstakar eftirlitsráðstafanir vegna Norðursjávarsíldar og um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3074/95	18.7.1996	18.7.1996	12
COM(96) 355	CB-CO-96-360-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um gerð samnings um fiskveiðitengsl milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Eistlands	18.7.1996	18.7.1996	13
COM(96) 382	CB-CO-96-372-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-líð 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um kröfur um orkunýtni rafmagnskæli- og frystiskápa til heimilisnota svo og samsettra skápa	19.7.1996	19.7.1996	4